

Fundur Atvinnu-og Ferðamálanefndar.

Bergholti 09.09.2025 kl 19:30

Mætt: Dóra Þorleifsdóttir, Óli Finnsson, Rakel Theodórsdóttir, Stephanie (Teams)
og Kristinn Bjarnason (ritar fundargerð)

1. Umræða um starf nefndarinnar og verkefni. Erum við að funda til að funda eða er lítið gert við okkar fundargerð.
2. Umræða um Brúarfoss og aðgengismál. Ábending frá íbúa um hvað sé verið að gera varðandi öryggi ferðamanna og bílastæðamál/gjaldskyldu. Allt er í vinnslu með samstarfi Landeigenda, Bláskógabyggðar, Slysavarnarfélagsins, Ferðamálastofu og Lögreglu. Umræða um Haukadal og nýtingu á gæðum svæðisins, er verið að loka einhverjum svæðum fyrir almenning ? Vitum lítið og kynnum okkur þetta.
3. Umræða um þéttbýlisstaði í sveitarfélaginu, staða t.d. Laugaráss, hvað er verið að gera til að mynda meiri þorpsbrag, fram yfir "sveitabraginn" og hvernig er framtíðarsýnin er kemur að húsnæði og uppbyggingu. Er eitthvað regluverk í kringum skammtímaleigu á húsnæði og/eða er umræða um það á áætlun hjá sveitarfélaginu. Við biðjum sveitastjórn að taka þessa umræðu fyrir á sveitastjórnarfundum – framtíðarsýn Laugaráss.
4. Umræða um fjölmenningsarsamfélagið okkar og hvað gengur lítið við að koma erlendum íbúum inn í samfélagið okkar. Hvað getum við gert betur og hver á að taka frumkvæðið. Erum við að lenda í því að samfélagið okkar er að verða tvískipt.
5. Umræða um Fontana á Laugarvatni. Hverjir eru helstu eigendur Fontana og hver eru áform eigenda með staðinn. Umræða um leigu á lóðinni í kring og hvernig hugað sé að hagsmunum íbúa Laugarvatns í þessum breytingum og áformum sem eru lítið þekkt eins og er.
Við í nefndinni viljum biðja sveitastjórn um að taka tvö mál af fundargerð til umræðu á sveitastjórnarfundum. Þetta er formlegt beiðni. Að ræða framtíðarsýn Laugaráss (punktur 3) og áform eigenda/aðila með Fontana og hvernig hagsmunum íbúa þorpsins sé gætt í þessum breytingum (punktur 5).
6. Önnur mál – umræða um hugmyndir sem komið hafa frá nefndum fyrri ára og við í nefndinni erum mjög áhugasöm um að hefja frekari umræður um þær. Stofnun byggðasafns í Reykholti með áherslu á upphaf garðyrkju í sveitarfélaginu og þróun landbúnaðar. Þetta er mjög góð hugmynd og rík ástæða til að taka hana til umræðu. Önnur hugmynd frá fyrri aðila í þessari nefnd er að opna þjónustumiðstöð í Reykholti þar sem líka væri kaffihús. Íbúar hafa einnig lýst yfir áhuga á garðyrkjustöð á Laugarvatni, þetta hefur nefndin áður rætt og var þetta rætt aftur á fundum. Stutt umræða um tilraunaeldhúsið á Flúðum, það var reynt en af hverju gekk það ekki? Er hægt að útfæra það öðruvísi svo það gangi fyrir fólk að nýta sér þennan möguleika?

Fundi slitið 22:00